



*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 138/153*  
*komudagur 17.11.2009*

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 17. nóvember 2009

**Efni: Umsögn Landssambands veiðifélaga um “Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum”.**

Landssamband veiðifélaga hefur fengið til umsagnar “Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum”, þskj. 184 – 165. mál.

Með ofangreindu frumvarpi er verið að leggja til að gerðar verði minni háttar, en mikilvægar, breytingar á núgildandi lögum. Breytingar þessar kveða á um að atkvæðisréttur eigenda eyðijarða í veiðifélagi verði færður til sama horfs og var á gildistíma laganna 76/1970, ásamt því að kveða á um refsingu vegna óheimilla framkvæmda í veiðivatni.

Landssamband veiðifélaga hefur fjallað um ofangreint frumvarp og leggur eindregið til að það verði samþykkt.

Virðingarfyllst,

Óðinn Sigþórsson,  
formaður LV